

Verkefnin

Vorið 1996 veittu iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti Kennaraháskóla Íslands styrk til að stuðla að neytendafræðslu á grunn- og framhaldsskólastigi í anda sameiginlegra markmiða norrænu ráðherranefndarinnar.

Námskeið var haldið í kennslumiðstöð KHÍ fyrir kennara á áðurnefndum skólastigum og gögn um neytendafræðslu keypt erlendis frá. Þátttakendur voru 38 af báðum skólastigum. Verkefni sem þátttakendur sömdu urðu 20 alls og voru þau lögð inn á hugmyndabanka kennslumiðstöðvar KHÍ og eru þau þar til ljósritunar. Kennslugögnin eru í bókasafni Kennaraháskólans en bókakostur þess er einnig skráður í Gegni.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti ákváðu að halda verkinu áfram og ásamt samstarfsaðilum, sem nefndir eru í inngangsorðum Finns Ingólfssonar ráðherra, völdu þeir nokkur námskeiðsverkefnanna til dreifingar í skóla landsins. Bætt var við hugmyndasafni úr ýmsum áttum og sérsamin „stærðfræði neytenda“. Efnið er á geisladiski sem fer í skólana en einnig er hægt að nálgast það á „netinu“ á vefsíðu kennslumiðstöðvar KHÍ (<http://www.khi/~kms/>).

Á forsiðum verkefnanna standa nöfn höfunda sem gáfu leyfi fyrir þessari ókeypis dreifingu efnisins. Aftan við verkefnin er safn fróðleiksmola og stuttra verkefna eða hugmynda til notkunar á mið- og unglingsstigi. Þessi hluti er unninn af starfsmönnum kennslumiðstöðvar KHÍ.

Efnisöflun og innslátt á tölvu önnuðust Elísa Kristmannsdóttir kennaranemi og Kolbrún Sigurðardóttir forstöðumaður kennslumiðstöðvar.

Hönnun kápusíðu, umbrots- og tölvuvinna við geisladisk var unnin af vh@centrum.is.